

Sþ.

237. Tillaga til þingsályktunar

[164. mál]

um framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Matthías Bjarnason, Hannibal Valdimarsson, Bjarni Guðbjörnsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli fela Landnámi ríkisins að hafa yfirumsjón með framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar um eflingu landbúnaðar í Ögurhreppi, Reykjarfjarðarhreppi, Nauteyrarhreppi og Snæfjallahreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu og jafnframt gera ráð fyrir fjárveitingu í þessu skyni á fjárlögum á áætlunartímabilinu.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur byggð dregist mjög saman í Norður-Ísafjarðarsýslu á undanförunum áratugum. Hafa nyrstu hreppar sýslunnar farið í eyði, og jafnframt hefur fækkað svo í fjórum hreppum Inn-Djúpsins, að þar er byggð víða í hættu. Stafar þetta m. a. af því, að býli eru þar víða smá, en tekjur af útræði hafa horfið. Einkum urðu erfiðleikar miklir á síðustu kalárum. Mönnum hefur því orðið ljóst, að gera þarf sérstakt átak til þess, að byggð fái að þróast eðlilega og eflast í Inn-Djúpinu.

Að frumkvæði heimamanna og Landnáms ríkisins var ákveðið að kanna, hvort grundvöllur væri til þess að stækka býli og efla búskap á þessu svæði öllu með sameiginlegu og samræmdu átaki. Undirtektir bænda reyndust mjög jákvæðar. Frumáætlun var því gerð og sett fram í skýrslu haustið 1972.

Landbúnaðarráðherra varð við tillögum heimamanna og Landnáms ríkisins og skipaði nefnd til þess að gera svonefnda Inn-Djúpsáætlun um eflingu landbúnaðar á svæðinu. Í nefndina voru skipaðir: Árni Jónsson landnámsstjóri, formaður, Ásgeir Svanbergsson bóndi, Þúfum, Reykjarfjarðarhreppi, Engilbert Ingvarsson bóndi, Mýri, Snæfjallahreppi, Jóhann T. Bjarnason framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga og Jón Guðjónsson bóndi, Laugarbóli, Nauteyrarhreppi. Jón Ragnar Björnsson frá Landnámi ríkisins vann fyrst og fremst að áætlanagerðinni ásamt Jóhanni T. Bjarnasyni.

Áætlun þessi hefur nú verið lögð fram. Segja má, að öll býli í Ögurhreppi, Reykjarfjarðarhreppi, Nauteyrarhreppi og Snæfjallahreppi hafi ákveðið að vera með í framkvæmdunum. Samtals eru það 42 býli, sem áætlunin nær til. Gert er ráð fyrir nokkuð breytilegri stækkun býla. Er fyrst og fremst farið eftir óskum bænda og aðstæðum.

Áætlunin nær til ræktunar, bústofnsaukningar, útihúsa, nokkurra íbúðarhúsa og vélakaupa. Samtals er áætlað, að framkvæmdir muni kosta 127 millj. kr. á verðlagi ársins 1972. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir því að leita eftir lánnum í Stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Þegar eigin framlagi bænda, fyrst og fremst sem vinnu, er bætt við lán Stofnlánadeildarinnar, er ljóst, að um 45 millj. kr. skortir á áætlaðan kostnað. Í þeirri upphæð eru þó meðtaldir vextir á áætlunartímabilinu, sem er frá 1973 til 1978, eða 6 ár. Nemur það u. þ. b. helmingnum af ofangreindri umframfjárbörf. Er þess vænst, að Bygðasjóður láni til þessara framkvæmda. Einnig hefur verið á það minnst, að greiða mætti viðauka á afurðaverð (uppbót vegna aðstöðumunar), ekki síst á mjólk, þar sem verulegur sparnaður verður á flutningskostnaði mjólkur frá fjarlægum stöðum til Ísafjarðar og annarra þéttbýlisstaða í Norður-Ísafjarðarsýslu. Á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1974 er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 5 millj. kr. í þessu skyni. Er lögð áhersla á, að gert verði ráð fyrir slíkri fjárveitingu á fjárlögum út áætlunartímabilið.

Til þess að tryggja skipulega framkvæmd áætlunarinnar er nauðsynlegt, að einum aðila verði falið að hafa yfirumsjón með framkvæmdum. Með tilliti til þess,

að gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður viðurkenni þetta einstæða framtak með styrk á fjárlögum, virðist eðlilegt, að ríkisvaldið annist þessa yfirumsjón. Jafnframt virðist slíkt eðlilegt verkefni fyrir Landnám ríkisins. Þetta er þessari þingsályktunartillögu ætlað að tryggja.

Það framtak, sem hér um ræðir, er einstakt í sinni röð. Það er jafnframt afar mikilvægt, ekki aðeins fyrir landbúnaðinn í Inn-Djúpi, heldur einnig fyrir alla framtíð byggðar þar og raunar á nærliggjandi þéttbýlissvæði. Ef þessi tilraun tekst, sem er full ástæða til að ætla með tilliti til samstöðu bænda um framkvæmdina alla, er stigið ómetanlegt skref til styrktar byggð í Norður-Ísafjarðarsýslu og raunar í Vestfjarðakjördæmi öllu. Því má með sanni segja, að ríkisvaldinu beri skylda til að stuðla myndarlega að framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar.